



Samningur 2015-2018

milli
NPA miðstöðvarinnar
og
Eflingar-stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og
Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis

vegna aðstoðarfólks fatlaðs fólks

Gildir frá 1. maí 2015 – 31. desember 2018

I.kafli Gildissvið og gildistími

1.1 Gildissvið

Samningur þessi tekur til vinnu félagsmanna Eflingar, Hlífar og VSFK í störfum sem aðstoðarfólk fatlaðs fólks. Hér eftir í samningnum er aðstoðarfólk fatlaðs fólks nefnt aðstoðarfólk og fatlað fólk verkstjórnendur.

1.2 Gildistími

Samningurinn tekur mið af aðalkjarasamningi Eflingar, Hlífar og VSFK við Samtök atvinnulífsins og hefur sama gildistíma og samningsforsendur og hann.

1.3 Lágmarksaldur

Lágmarksaldur aðstoðarfólks er 18 ára en almennt skal miða við að ráða ekki yngra aðstoðarfólk en 20 ára.

1.4 Önnur atriði

Um önnur atriði en kveðið er á um í samningi þessum fer samkvæmt aðalkjarasamningi Eflingar, Hlífar og VSFK við Samtök atvinnulífsins.

Komi til þess að NPA miðstöðin geri kjarasamning við aðra viðsejendur sem samkvæmt efni sínu leiðir til betri réttinda fyrir aðstoðarfólk fatlaðs fólks samkvæmt viðkomandi samningi þá eiga þær breytingar einnig við samning þennan.

II.kafli Um laun

2.1. Aðstoðarfólk fatlaðs fólks

Gildir frá 1. maí 2015 til 31. desember 2015

	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórh.kaup	33% álag	55% álag	90% álag	16,5% bakv.álag	27,5% bakv.álag
Byrjunarlaun	267.823	1.557,11	2.781,34	3.682,56	513,85	856,41	1.401,40	256,92	428,20
1 ár, í st.gr.	275.107	1.599,46	2.856,99	3.782,72	527,82	879,70	1.439,51	263,91	439,85
3 ár, í st.gr.	282.610	1.643,08	2.934,91	3.885,89	542,22	903,70	1.478,78	271,11	451,85
5 ár, í st.gr.	290.339	1.688,02	3.015,17	3.992,16	557,05	928,41	1.519,21	278,52	464,20

Gildir frá 1. janúar 2016 til 30. apríl 2017

	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórh.kaup	33% álag	55% álag	90% álag	16,5% bakv.álag	27,5% bakv.álag
Byrjunarlaun	284.427	1.653,65	2.953,78	3.910,88	545,70	909,51	1.488,28	272,85	454,75
1 ár, í st.gr.	292.164	1.698,63	3.034,12	4.017,25	560,55	934,24	1.528,76	280,27	467,12
3 ár, í st.gr.	300.132	1.744,95	3.116,87	4.126,82	575,84	959,73	1.570,46	287,92	479,86
5 ár, í st.gr.	308.340	1.792,67	3.202,11	4.239,67	591,58	985,97	1.613,41	295,79	492,98

Gildir frá 1. maí 2017 til 30. apríl 2018

	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórh.kaup	33% álag	55% álag	90% álag	16,5% bakv.álag	27,5% bakv.álag
Byrjunarlaun	297.227	1.728,06	3.086,70	4.086,87	570,26	950,43	1.555,26	285,13	475,22
1 ár, í st.gr.	305.311	1.775,07	3.170,66	4.198,03	585,77	976,29	1.597,56	292,89	488,14
3 ár, í st.gr.	313.638	1.823,48	3.257,13	4.312,53	601,75	1.002,91	1.641,13	300,87	501,46
5 ár, í st.gr.	322.215	1.873,34	3.346,20	4.430,46	618,20	1.030,34	1.686,01	309,10	515,17

Rúnar Björn Þorkeiðsson
Kt. 080582-4209

Gildir frá 1. maí 2018 til 31. desember 2018

	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórh.kaup	33% álag	55% álag	90% álag	16,5% bakv.álag	27,5% bakv.álag
Byrjunarlaun	306.144	1.779,90	3.179,30	4.209,47	587,37	978,95	1.601,91	293,68	489,47
1 ár, í st.gr.	314.471	1.828,32	3.265,78	4.323,97	603,34	1.005,57	1.645,49	301,67	502,79
3 ár, í st.gr.	323.047	1.878,18	3.354,85	4.441,90	619,80	1.033,00	1.690,36	309,90	516,50
5 ár, í st.gr.	331.881	1.929,54	3.446,59	4.563,37	636,75	1.061,25	1.736,59	318,37	530,62

III.kafli Vaktavinna**3.1 Ráðningarsamningur**

Sé aðstoðarfólk ráðið til vaktavinnu, skal það koma fram í ráðningarsamningi þess. Með vöktum er í samningi þessum átt við vinnu sem skipt er niður samkvæmt fyrirfram ákveðnu fyrirkomulagi þar sem starfsmaður vinnur á mismunandi vöktum með tilteknu tímabili sem mælt er í dögum eða vikum. Tímalengd vaktar skal tilgreina í vaktskrá, m.a. með tilliti til upphafs og loka vaktar.

3.2 Skipulag vaktar

Heimilt er að láta vinna á vöktum alla daga vikunnar. Sé eingöngu unnið á vöktum fimm daga vikunnar innan tímamarka kl. 17:00 – 08:00 skal vinnuvikan aðeins vera 38 klst. Þá er heimilt að láta vinna á hálfum vöktum, 20 klst. vinnuviku (19 klst. þar sem vinnuvikan er 38 klst.)

Vakt skal eigi vera lengri en 12 klst og eigi skemmri en 3 klst. Hver vakt skal unnin í samfelldri heild og ber vinnuveitandi greiðsluskyldu fyrir allan vaktatímamann, nema starfsmaður óski eftir að taka sér frí.

Um tímabundna heimild til undanþágu frá ákvæðum kjarasamnings og laga um hámarks vakttíma og lágmarks hvíldartíma fer samkvæmt bókun 1 og 2 í kjarasamningi þessum.

Samfelld reglubundin vinna einn mánuð eða lengur innan dagvinnumarka, allt að fullri vinnuskyldu greiðist sem reiknað hlutfall af mánaðarlaunum, enda hafi starfsmanni verið kynnt það áður en sú vinna hófst. Þannig getur starfshlutfall verið sveigjanlegt innan 2ja mánaða ef samið er um það fyrirfram við viðkomandi starfsmann.

Aðstoðarfólk í hlutastarfi fær greitt yfirvinnukaup fyrir vinnu umfram starfshlutfall sitt. Aðstoðarfólk í fullu starfi fær greidda yfirvinnu fyrir vinnu umfram vaktskrá.

3.3 Vaktaskrá

Upptöku vakta skv. gr. 3.2. skal tilkynna með viku fyrirvara. Vaktir skulu ákveðnar að jafnaði fyrir fjórar vikur í senn og skal tilkynna slit þeirra með a.m.k. viku fyrirvara. Skal vaktaskrá gerð kunnug þar sem aðstoðarfólk á greiðan aðgang að henni viku áður en vinna eftir henni hefst. Við gerð vaktskrár skal þess gætt, eins og kostur er, að vinna á álagstímum skiptist sem jafnast milli aðstoðarfólks.

Sé vaktaskrá breytt með skemmri en 24 klst. (sólarhrings) fyrirvara skal greiða aukalega 3 klst. í yfirvinnu og innan 168 klst. (vika) skal greiða aukalega 2 klst. í yfirvinnu.

3.4 Vaktaálög

Í vaktavinnu greiðist álag á þann hluta 40 stunda vinnu að meðaltali á viku, sem fellur utan dagvinnutímabils: 33% álag á tímabilinu kl. 17:00 - kl. 24:00 mánudaga til föstudaga.

55% álag á tímabilinu kl. 00:00 - kl. 08:00 alla daga svo og laugardaga og sunnudaga.

3.5 Álag á helgidögum

Vinna á skírdag, annan í páskum, sumardaginn fyrsta, 1. maí, uppstigningardag, annan í hvítasunnu, fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag greiðist með 55% álagi sbr. gr. 3.4.

3.6 Álag á stórhátíðardögum

Vinna á nýársdag, föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, 17. júní, aðfangadag eftir kl. 12:00, jóladag og gamlársdag eftir kl. 12:00 greiðist með 90% álagi.

3.7 Yfirvinnuálag

Fyrir vinnu umfram 40 stundir (38 stundir sé daglegur vinnutími á tímabilinu kl. 17:00 - 08:00) að meðaltali í vaktavinnu á viku skal greiða yfirvinnuálag sbr. gr. 1.7 í aðalkjarasamningi aðila.

3.8 Deilitala

Tímakaup í dagvinnu (til útreknings á yfirvinnu) skal fundið með því að deila í mánaðakaup án álags með 172.

Rúnar Björn Þorkeiðsson
Kl. 080582-4209



3.9 Bakvaktir

Heimilt er að setja á bakvaktir þar sem aðstoðarfólki er skylt að vera í símasambandi og að sinna útköllum.

Sé ekki um annað samið í ráðningarsamningi gildir eftirfarandi:

Fyrir útkall á bakvakt skal aðstoðarfólk fá greitt fyrir unninn tíma þó að lágmarki þrjár klst., nema dagvinna hefjist innan tveggja stunda frá því hann kom til vinnu.

Bakvaktargreiðslur og yfirvinnugreiðslur fari þó aldrei saman.

Fyrir hverja klukkustund á bakvakt þar sem vakthafandi aðstoðarfólk er með bakvaktarskyldu fær það greitt sem svarar 33% dagvinnustundar. Á almennum frídögum og stórhátíðum verður ofangreint hlutfall 55%.

Fyrir bakvakt þar sem ekki er krafist tafarlausra viðbragða af hálfu aðstoðarfólks en það er tilbúið til vinnu strax og til þess næst, þá greiðist 16,5% af dagvinnukaupi fyrir hverja klst. á bakvakt. Á almennum frídögum og stórhátíðum verður ofangreint hlutfall 27,5%.

3.10 Vetrarfrí vegna vinnu á helgidögum

Aðstoðarfólk, sem vinnur vaktavinnu, vinnur sér inn 12 vetrarfrídaga miðað við ársstarf, fyrir helgi- og tyllidaga skv. gr. 2.3.1. og 2.3.2., í aðalkjarasamningi aðila sem falla á mánudaga til föstudaga.

Sé ekki vinnuskylda á ofangreindum dögum eða frí veitt, dregst samsvarandi dagafjöldi frá aukafrídögum, nema hjá aðstoðarfólki sem á inni áunnið vaktarfrí. Verkstjórnandi skal tilkynna veitingu vetrarfrís með a.m.k. mánaðar fyrirvara.

Vetrarfrídagar skulu veittir á tímabilinu frá 1. október til 1. maí. Innvinnsla vetrarfrídaga miðast við október til október.

Heimilt er með samkomulagi verkstjórnanda og aðstoðarfólks að greiðsla komi í stað umræddra frídaga, 8 klst. í dagvinnu fyrir hvern frídag miðað við fullt starf. Aðstoðarfólk fái áunna vetrarfrídaga gerða upp við starfslok.

3.11 Neysluhlé

Aðstoðarfólk í vaktavinnu hefur ekki sérstaka matar- og kaffitíma. Aðstoðarfólki er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni, þegar því verður við komið starfsins vegna. Vegna takmörkunar þeirrar, sem að ofan greinir á matar- og kaffitímum skal greiða 5 mínútur á yfirvinnukaupi fyrir hvern unninn klukkutíma.

IV.kafli Greiðslur á ferðum

4.1

Veiti aðstoðarfólk aðstoð á ferðum í allt að 24 klst., greiðist ferðatími sem vinnutími.

4.2

Veiti aðstoðarfólk aðstoð í ferðum verkstjórnanda sem standa lengur en 24 klst., semur verkstjórnandi við aðstoðarfólk um hvernig greiðslum skuli háttað. Ná þeir ekki samkomulagi gildir gr. 4.3 – 4.5

4.3

Aðstoðarfólk fær laun skv. gr. 2.1 fyrir virkar vinnustundir á meðan á dvölinni stendur.

4.4 Þóknun á ferðum

Auk greiðslna fyrir nauðsynlegan ferðakostnað, svo sem gistingu, flug eða akstur skal greiða dagpeninga fyrir fæði í samræmi við ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

4.5

Breytingar á vöktum í tengslum við ferðir eða aðrar breyttar aðstæður skulu gerðar í fullu samráði við það aðstoðarfólk sem breytingarnar varða og eins fljótt og auðið er.

Rúnar Björn Þorkelsson

KÍ 080582-4200



V.kafli Gjafir

5.1

Aðstoðarfólki er ekki heimilt að þiggja arf eða gjafir frá verkstjórnanda eða aðstandendum hans, að undanskildum hófsömum tækifærisgjöfum.

VI.kafli Um námskeið

6.1

Haldin skulu námskeið sem hafa það að markmiði að gera aðstoðarfólk hæfara í sínu starfi m.a. skal fjallað um hugmyndafræði NPA, lög og reglugerðir, vinnuvernd, réttindi og skyldur og samskipti. Námskeiðin skulu fara fram á vinnutíma og hefjast við upphaf ráðningar og síðan með reglulegum hætti eftir nánara samkomulagi. Námskeiðin skulu byggð á leiðbeiningum velferðarráðuneytisins og haldin í samráði við sveitarfélög, stéttarfélög, umsýsluaðila og notendur NPA.

Reykjavík, 10. júní 2016

F.h. NPA miðstöðvar



F.h. Flóabandalagsins
Eflingar, Hlífar og VSK



Rúnar Björn Þorkelsson

KÍ 620502-4200

Bókun 1

Samkomulag um heimil frávik frá vakt- og hvíldartíma

Bókun þessi grundvallast á 3. gr. laga nr. 80/2015, um breytingu á lögum um aðbúnað og hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, og lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992. Með ákvæðinu er samþökum aðila á vinnumarkaði veitt tímabundin heimild til ársloka 2016 til þess að víkja með samkomulagi frá ákvæðum 53. gr. og 56. gr. laga nr. 46/1980 svo sem nánar greinir í ákvæðinu. Heimild til fráviks samkvæmt bókun þessari gildir til sama tíma eða til ársloka 2016 og skal leitað umsagnar Vinnueftirlitsins um efnisákvæði bókunarinnar.

1.1 Greiðslur á sólarhringsvöktum

Skipulag sólarhringsvaktar skv. gr. 1.2 og 1.3 í bókun 1 er einungis heimil ef alla jafna er hægt að uppfylla lágmarkshvöld skv. gr. 1.2 og 1.3 í bókun 1.

Fyrir þann tíma sem telst hvíld á vöktum skal greiða dagvinnugrunn. Sé hvíld rofin skal greiða viðeigandi álag sbr. gr. 3.4 – 3.6 til viðbótar dagvinnugrunni fyrir þann tíma sem unnið er eða a.m.k. eina klukkustund.

Fyrir hverja sólarhringsvakt skal tryggja að lágmarki 11 klukkustunda hvíld í lok vaktar.

1.2 Stakar sólarhringsvaktir

Á 24 klukkustunda vakt aðstoðarfólks má takmarka hvíldartíma við 6 klukkustundir, þar af skulu a.m.k. 5 klukkustundir vera samliggjandi með að hámarki einu rofi.

1.3 Samfelldar sólarhringsvaktir

Séu unnar fleiri en ein 24 klukkustunda vakt í röð má takmarka hvíld við allt að 8 klukkustundir á hverjum sólarhring, þar af skulu a.m.k. 7 klukkustundir vera samliggjandi með að hámarki einu rofi. Vaktir skulu ekki skipulagðar fleiri en tvær í röð. Séu vaktir skipulagðar með þessum hætti skal miða við að a.m.k. tveir sólarhringar líði á milli vakta.

1.4 Styttri vaktir

Ef vakt er á bilinu 8 – 13 klukkustundir er heimilt að skipuleggja vaktina samkvæmt gr. 1.1 í bókun 1 en þá skal hvíld vera a.m.k. 5 samliggjandi klukkustundir með að hámarki einu rofi.

1.5 Skilyrði um hvíldaraðstöðu

Skilyrði fyrir gr. 1.1, 1.2, 1.3, 1.4 og 1.6 í bókun 1 er, að hvíldaraðstaða sé fyrir hendi í hentugu herbergi sem ekki er notað til annars á meðan á hvíld stendur. Það á m.a. að vera í hæfilegri nálægð við salerni og handlaug.

1.6 Undanþágur

Til að tryggja ásættanlega þjónustu við verkstjórnanda, má takmarka hvíldartímann í gr. 1.2 og gr. 1.3. í bókun 1 enn frekar, ef eitthvað ófyrirsjáanlegt kemur upp á. Tryggja skal að aðstoðarfólk fái eins fljótt og við verður komið viðunandi hvíldartíma.

1.7 Áhættumat

Framkvæmt verði áhættumat um öryggi og heilbrigði á vinnustað samkvæmt leiðbeiningum Vinnueftirlitsins til samræmis við lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Bókun 2

Um frídaga

Á hverju 7 sólarhringa tímabili á aðstoðarfólk rétt á einum vikulegum frídegi í sólarhring í beinum tengslum við daglegan hvíldartíma.

Hliðra má vikulegum frídegi aðstoðarfólks til, þegar dvalist er innanlands í lengri tíma utan heimilis verkstjórnanda. Þó mega ekki líða meira en 12 sólarhringar á milli 2 frídaga. Leitast skal við að frídagarnir séu teknir saman eða þannig að a.m.k. annar sólarhringurinn sé í beinum tengslum við daglegan hvíldartíma.

Rúnar Björn Þorkelsson
KÍ 880592-4200



Kjarasamningur
milli Eflingar - stéttarfélags og SGS annars vegar

og

NPA miðstöðvarinnar hins vegar

Samningur þessi kemur til viðbótar kjarasamningi aðila frá 10. júní 2016 ásamt síðari breytingum og tekur mið af breytingum sem gerðar voru á kjarasamningum á almenna vinnumarkaðnum sem undirritaðir voru 3. apríl 2019.

Aðilar eru sammála um að fresta kjarasamningsviðræðum að öðru leyti til 30. september 2019 en samkomulag er um að sambærilegar launabreytingar og samið var um á almenna vinnumarkaðnum taki gildi frá 1. apríl 2019 sem hér segir:

	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórh.kaup	33% álag	55% álag	90% álag	16,5% bakkv.álag	27,5% bakkv.álag
Byrjunarlaun	323.144	1.878,74	3.355,85	4.443,22	619,98	1.033,31	1.690,87	309,99	516,65
1 ár, í st.gr.	331.471	1.927,15	3.442,32	4.557,72	635,96	1.059,93	1.734,44	317,98	529,97
3 ár, í st.gr.	340.047	1.977,02	3.531,39	4.675,65	652,42	1.087,36	1.779,32	326,21	543,68
5 ár, í st.gr.	348.881	2.028,38	3.623,13	4.797,12	669,37	1.115,61	1.825,54	334,68	557,80

Orlofsuppbót hækkar einnig frá 1. maí 2019 og verður 76.000 kr.

Reykjavík, 14. júní 2019



f.h. NPA miðstöðvar



F.h. Eflingar - stéttarfélags



F.h. Starfsgreinasambands Íslands



Kjarasamningur
milli Eflingar - stéttarfélags annars vegar

og

NPA miðstöðvarinnar hins vegar

Samningur þessi kemur til viðbótar kjarasamningi aðila frá 10. júní 2016 og 14. júní 2019 ásamt síðari breytingum og tekur mið af breytingum sem gerðar voru á kjarasamningum á almenna vinnumarkaðnum sem undirritaðir voru 3. apríl 2019.

Aðilar eru sammála um að kjarasamningur aðila framlengist til 30. september 2020 með sambærilegum launabreytingum og samið var um á almenna vinnumarkaðnum.

Launatafla gildir frá 1. apríl 2020:

	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórh.kaup	33% álag	55% álag	90% álag	16,5% bakkv.álag	27,5% bakkv.álag
Byrjunarlaun	347.144	2.018,28	3.605,09	4.773,23	666,03	1.110,05	1.816,45	333,02	555,03
1 ár, í st.gr.	355.471	2.066,69	3.691,57	4.887,73	682,01	1.136,68	1.860,02	341,00	568,34
3 ár, í st.gr.	364.047	2.116,55	3.780,63	5.005,65	698,46	1.164,10	1.904,90	349,23	582,05
5 ár, í st.gr.	372.881	2.167,91	3.872,37	5.127,11	715,41	1.192,35	1.951,12	357,71	596,18

Desemberuppót á árinu 2019 er 92.000 kr.


Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2020 verði orlofsuppbót kr. 51.000 kr.

Reykjavík, 1. júlí 2020

f.h. NPA miðstöðvarinnar



f.h. Eflingar - stéttarfélags



Samkomulag
milli Eflingar - stéttarfélags annars vegar
og
NPA miðstöðvarinnar hins vegar

Þrátt fyrir að aðilar hafa ekki komist að samkomulagi um breytingar á kjarasamning eru aðilar sammála um að launahækkanir frá 1. janúar 2021, desemberuppbót á árinu 2020 og orlofsuppbót á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2021 taki sömu breytingum og gerðar voru á kjarasamningum á almenna vinnumarkaðnum sem undirritaðir voru 3. apríl 2019.

Launatafla gildir frá 1. janúar 2021:

	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórh.kaup	33% álag	55% álag	90% álag	16,5% bakv.álag	27,5% bakv.álag
Byrjunarlaun	371.144	2.157,81	3.854,33	5.103,23	712,08	1.186,80	1.942,03	356,04	593,40
1 ár, í st.gr.	379.471	2.206,23	3.940,81	5.217,73	728,05	1.213,42	1.985,60	364,03	606,71
3 ár, í st.gr.	388.047	2.256,09	4.029,87	5.335,65	744,51	1.240,85	2.030,48	372,25	620,42
5 ár, í st.gr.	396.881	2.307,45	4.121,61	5.457,11	761,46	1.269,10	2.076,70	380,73	634,55

Desemberuppbót á árinu 2020 er 94.000 kr.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2021 verði orlofsuppbót kr. 52.000 kr.

Reykjavík, 11. mars 2021

f.h. NPA miðstöðvarinnar

f.h. Eflingar - stéttarfélags